

SAMÞYKKTIR

Kjölur lífeyrissjóður

Efnisyfirlit

KAFLI I.	- 5 -
1. gr. Nafn sjóðsins og heimilisfang	- 5 -
3. gr. Stjórn sjóðsins	- 5 -
4. gr. Sjóðfélagar	- 5 -
5. gr. Ársfundur	- 5 -
6. gr. Rekstur sjóðsins, reikningar hans og endurskoðun þeirra	- 6 -
7. gr. Tryggingafræðileg athugun	- 6 -
8. gr. Ávöxtun sjóðsins	- 6 -
9. gr. Iðgjöld til sjóðsins	- 6 -
KAFLI II.	- 6 -
Almennt um réttindi sjóðfélaga	- 6 -
10. gr. (10. gr.) Grundvöllur lífeyrisréttinda (Esj. Olís)	- 7 -
11. gr. (11. gr.) Ellilífeyrir (Esj. Olís)	- 7 -
12. gr. (12. gr.) Örorkulífeyrir (Esj. Olís)	- 7 -
13. gr. (13. gr.) Makalífeyrir (Esj. Olís)	- 8 -
14. gr. (14. gr.) Barnalífeyrir (Esj. Olís)	- 8 -
15. gr. (15. gr.) Endurgreiðsla iðgjalda (Esj. Olís)	- 9 -
16. gr. (16. gr.) Geymd réttindi (Esj. Olís)	- 9 -
17. gr. (21. gr.) Heimild til hækkunar lífeyris (Esj. Olís)	- 9 -
18. gr. (20. gr.) Tilhögun lífeyrisgreiðslna (Esj. Olís)	- 10 -
KAFLI III.	- 11 -
Almennt um réttindi sjóðfélaga	- 11 -
19. gr. (9. gr.) Grundvöllur lífeyrisréttinda (Lsj. Flugvirkja)	- 11 -
20. gr. (10. gr.) Ellilífeyrir (Lsj. Flugvirkja)	- 11 -
21. gr. (11. gr.) Örorkulífeyrir (Lsj. Flugvirkja)	- 12 -
22. gr. (12. gr.) Makalífeyrir (Lsj. Flugvirkja)	- 13 -
23. gr. (13. gr.) Barnalífeyrir (Lsj. Flugvirkja)	- 13 -
24. gr. (14. gr.) Iðgjaldagreiðslur falla niður (Lsj. Flugvirkja)	- 14 -

25. gr. (15. gr.) Flutningur réttinda (Lsj. Flugvirkja)	- 14 -
26. gr. (17. gr.) Tilhögun lífeyrisgreiðslna (Ellilífeyrir (Lsj. Flugvirkja)	- 14 -
KAFLI IV.	- 15 -
Almennt um réttindi sjóðfélaga	- 15 -
27. gr. (10. gr.) Grundvöllur lífeyrisréttinda (Lsj. Áburðarv.)	- 15 -
28. gr. (11. gr.) Ellilífeyrir (Lsj. Áburðarv.)	- 15 -
29. gr. (12. gr.) Örorkulífeyrir (Lsj. Áburðarv.)	- 15 -
30. gr. (13. gr.) Makalífeyrir (Lsj. Áburðarv.)	- 16 -
31. gr. (14. gr.) Barnalífeyrir (Lsj. Áburðarv.)	- 17 -
32. gr. (15. gr.) Iðgjaldagreiðslur falla niður (Lsj. Áburðarv.)	- 17 -
33. gr. (16. gr.) Flutningur réttinda (Lsj. Áburðarv.)	- 17 -
34. gr. (18. gr.) Tilhögun lífeyrisgreiðslna (Lsj. Áburðarv.)	- 18 -
35. gr. (19. gr.) Sérstakur eftirlaunaréttur (Lsj. Áburðarv.)	- 18 -
36. gr. (23. gr.) Réttindi samkvæmt eldri reglugerð (Lsj. Áburðarv.)	- 18 -
KAFLI V.	- 18 -
Almennt um réttindi sjóðfélaga	- 18 -
37. gr. (9. gr.) Tekjur (Lsj. Eimskips)	- 18 -
38. gr. (12. gr.) Grundvöllur lífeyrisréttinda (Lsj. Eimskips)	- 18 -
39. gr. (13. gr.) Lífeyrisréttindi (Lsj. Eimskips)	- 19 -
40. gr. (14. gr.) Ellilífeyrir (Lsj. Eimskips)	- 19 -
41. gr. (15. gr.) Örorkulífeyrir (Lsj. Eimskips)	- 20 -
42. gr. (16. gr.) Makalífeyrir (Lsj. Eimskips)	- 20 -
43. gr. (17. gr.) Barnalífeyrir (Lsj. Eimskips)	- 21 -
44. gr. (18. gr.) Iðgjaldagreiðslur falla niður (Lsj. Eimskips)	- 21 -
45. gr. (19. gr.) Endurgreiðsla iðgjalda (Lsj. Eimskips)	- 21 -
46. gr. (20. gr.) Sérákvæði vegna eldri reglna (Lsj. Eimskips)	- 22 -
47. gr. (27. gr.) Greiðsla lífeyris (Lsj. Eimskips)	- 22 -
48. gr. (31. gr.) Gildistaka (Lsj. Eimskips)	- 22 -

KAFLI VI.	- 23 -
Almennt um réttindi sjóðfélaga	- 23 -
49. gr. (9. gr.) Grundvöllur lífeyrisréttinda (Lsj. MS)	- 23 -
50. gr. (10. gr.) Ellilífeyrir (Lsj. MS)	- 23 -
51. gr. (11. gr.) Örorkulífeyrir (Lsj. MS)	- 24 -
52. gr. (12. gr.) Makalífeyrir (Lsj. MS)	- 25 -
53. gr. (13. gr.) Barnalífeyrir (Lsj. MS)	- 26 -
54. gr. (14. gr.) Eingreiðsla dánarbóta (Lsj. MS)	- 26 -
55. gr. (15. gr.) Lógjaldagreiðslur falla niður (Lsj. MS)	- 27 -
56. gr. (16. gr.) Flutningur réttinda (Lsj. MS)	- 27 -
57. gr. (18. gr.) Tilhögun lífeyrisgreiðslna (Lsj. MS)	- 27 -
58. gr. (21. gr.) Réttindi samkvæmt eldri reglugerð (Lsj. MS)	- 27 -
KAFLI VII.	- 27 -
59. gr. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.	- 27 -
60. gr. Upplýsingaskylda	- 27 -
61. gr. Upplýsingar til sjóðfélaga	- 28 -
62. gr. Bann við veðsetningu og framsali	- 28 -
63. gr. Varúðarákvæði	- 28 -
64. gr. Gerðardómur	- 28 -
65. gr. Breytingar á samþykktum	- 28 -
66. gr. Gildistaka	- 28 -
[Ákvæði til bráðabirgða um réttindaskerðingu	- 28 -
[Ákvæði til bráðabirgða um réttindaskerðingu	- 28 -

KAFLI I.

1. gr. Nafn sjóðsins og heimilisfang

Sjóðurinn heitir Kjölur lífeyrissjóður kt. 430269-6079. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Sjóðurinn varð til á árinu 2007 við sameiningu eftirtalinna 5 lífeyrissjóða: Lsj. Eimskipafélags Íslands, Lsj. Flugvirkjafélags Íslands, Esj. Olíuverzlunar Íslands hf., Lsj. Mjólkursamsölnunnar og Lsj. stm. Áburðarverksmiðju ríkisins.

2. gr. Hlutverk sjóðsins

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum, sem fara hér á eftir.

3. gr. Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins skipa 5 aðalmenn og 2 varamenn. Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára og eru þrjú aðalmenn og einn varamaður í kjöri eitt árið og tveir aðalmenn og einn varamaður árið eftir. Um kjörgengi til stjórnar lífeyrissjóðsins fer eftir hæfisskilyrðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eins og þau eru á hverjum tíma.

Stjórn skal skipa með sér verkum eftir hvern ársfund. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu uppfylla hæfisskilyrði 31. gr. laga nr. 129/1997.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi hans í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfssemi lífeyrissjóða, reglugerðir settar samkvæmt þeim lögum og samþykktir sjóðsins. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins skal hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Hún setur sér starfsreglur, gerir tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins og skal að öðru leyti haga starfi sínu í samræmi við ákvæði laga.

Formaður, í samvinnu við framkvæmdastjóra, boðar stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda þegar formaður eða framkvæmdastjóri telja þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund óski stjórnarmaður þess. Stjórnarfundir eru ákvörðunarbærir þegar aukinn meirihluti stjórnar er viðstaddur.

Formaður boðar varamenn þegar þörf er á.

Stjórn sjóðsins hefur heimild til þess að gera samning við fjármálafyrirtæki eða annan hæfan aðila um rekstur sjóðsins. Rekstaraðili skipar framkvæmdastjóra sjóðsins í samráði við stjórn. Stjórn ræður tryggingastærðfræðing og endurskoðendur

4. gr. Sjóðfélagar

Sjóðfélagar eru þeir sem eiga geymd réttindi í sjóðinum eða eiga rétt á að fá greiddan elli- eða örorkulífeyri. Ef réttindi eru flutt úr sjóðnum skv. ákvæðum samþykpta þessarra fellur niður aðild að sjóðnum.

5. gr. Ársfundur

Ársfund sjóðsins skal halda fyrir lok maímánaðar ár hvert og eiga allir sjóðfélagar rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Hver sjóðfélagi sem mætir á ársfundinn fer með eitt atkvæði. Stjórn sjóðsins skal boða til ársfundar með 14 daga fyrirvara með auglýsingu í dagblaði eða öðrum sannanlegum hætti.

Á ársfundi skal leggja fram og gera grein fyrir:

Skýrslu stjórnar.

Ársreikningi fyrir síðasta ár.

Fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Tryggingafræðilegri athugun.

Tillögum til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Kosning stjórnarmanna.

Ákvörðun um þóknun til stjórnar.

Kynning á ráðningu löggilts endurskoðanda, innri endurskoðanda og tryggingarstærðfræðings.

Öðrum málum.

6. gr. Rekstur sjóðsins, reikningar hans og endurskoðun þeirra

Rekstraraðili sjóðsins sér um eignastýringu og rekstur hans í samræmi við lög og ákvæði samþykta þessara. Ársreikningurinn miðast við almanaksárið og skal hann endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, og liggja frammi á skrifstofu sjóðsins eigi síðar en 30. apríl næsta ár.

7. gr. Tryggingafræðileg athugun

Stjórn sjóðsins skal ár hvert láta framkvæma tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins og meta framtíðarstöðu hans, í samræmi við ákvæði 24. gr. og 39. gr. laga nr. 129/1997. Athuginin skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum sem hlotið hefur viðurkenningu til slíks starfs. Við athuginina skal höfð hliðsjón af ákvæðum IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli hreinnar eignar sjóðsins til greiðslu lífeyris og núvörðis væntanlegs lífeyris er stjórn sjóðsins skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef fyrrgreindur munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

8. gr. Ávöxtun sjóðsins

Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins í einni heild með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn lífeyrissjóðsins skal ávaxta fé sjóðsins skv. 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Stjórnin endurskoðar fjárfestingarstefnu sjóðsins reglulega og skilar inn til FME fyrir 1. desember ár hvert.

9. gr. Iðgjöld til sjóðsins

Sjóðurinn er hættur að taka við iðgjöldum.

KAFLI II.

Almennt um réttindi sjóðfélaga

Réttindaákvæði þeirra sjóða sem aðild eiga að hinum sameinaða sjóði haldast óbreytt frá fyrri samþykktum. Þetta þýðir að réttindi sem sjóðfélagi hefur áunnið sér í fyrri sjóð haldast óbreytt í hinum nýja sjóð. Í greinum kafla II til IV er vísað innan sviga í samsvarandi greinar eldri samþykta sjóðanna. Við sameiningu hafa réttindi í Eftirlaunasjóði Olís verið aukin um 20,3% frá stofnun sjóðsins.

10. gr. (10. gr.) Grundvöllur lífeyrisréttinda (Esj. Olís)

Fyrir hvern sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld til sjóðsins, skal fyrir hvert ár reikna stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans. Stigin finnast með því að deila í laun þau er hann hefur greitt iðgjald af á árinu með grundvallarlaunum viðkomandi árs.

Grundvallarlaun sjóðsins nema kr. 79.367,- á mánuði í desember 1998 og breytast þau mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 184,1 stigi.

Ef örorkulífeyrisþegi greiddi iðgjöld til sjóðsins, skulu stig fyrir það reiknuð á framan greindan hátt, en síðan hækkuð þannig að margfalda þau með hundrað og deila með þeirri hundraðstölu, sem örorka hans er metin. Gefi þessi stigareikningur tilefni til hærri lífeyris en reglan í 4. mgr. 12. gr. skal hærri talan gilda, einnig að því er tekur til elli- og makalífeyris.

Hafi sjóðfélagi verið fastur starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf. fyrir 1. janúar 1953, reiknast stig fyrir þann starfstíma þannig: Helmingur starfstímans margfaldast með meðaltali þeirra stiga, sem hann hefur öðlast fyrstu fimm heilu starfsárin eftir árslok 1952.

Stig ársins skal reikna með tveimur aukastöfum og hækka upp, ef þriðji stafur er 5 eða hærri. Leggja skal saman öll stig hvers sjóðfélaga, nema hann eigi stig frá fleiri en 30 árum. Þá skal reikna með stigum 30 bestu árána að fullu, en með þeim stigum sem umfram eru að hálfu.

11. gr. (11. gr.) Ellilífeyrir (Esj. Olís)

Sá sem öðlast hefur a.m.k. 3 stig hjá sjóðnum samkvæmt 10. gr. og orðinn er 65 ára að aldri á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum síðustu 12 mánaða áður en taka lífeyris hefst, en breytist síðan í beinu hlutfalli við grundvallarlaunin, þegar breyting verður á þeim. Hundraðshlutinn er stigafjöldi viðkomandi sjóðfélaga samkvæmt 10. gr. margfaldaðar með 1,8 og 0,7.

Sé töku ellilífeyris frestað fram yfir 65 ára aldur hækkar margföldunarstuðullinn 0,7 um 0,005 fyrir hvern mánuð sem frestað er að taka lífeyrinn. Þó verður engin hækkun á lífeyrinum eftir að 75 ára aldri er náð.

Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta ellilífeyrisréttindum milli sín og maka síns í samræmi við 14. gr. laga nr. 129/1997.

12. gr. (12. gr.) Örorkulífeyrir (Esj. Olís)

Sjóðfélagi sem öðlast hefur a.m.k. 3 stig hjá sjóðnum og greitt hefur iðgjald í minnst 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum á rétt á örorkulífeyri samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Örorkulífeyrir er greiddur, ef trúnaðarlæknir sjóðsins metur örorkuna 40% eða meiri. Meta skal örorkuna á fimm ára fresti eða oftár, ef ástæða þykir til.

Örorkumat samkvæmt 2. mgr. skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélagans til að gegna starfi sem hann hefur gengt og veitt honum aðild að sjóðnum.

Til grundvallar örorkulífeyri eru lögð þau stig sem sjóðfélaginn hefur öðlast, sbr. 10. gr. og auk þess þau stig er hann hefði áunnið sér til 67 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú árin fyrir orkutapið, ef hann hefði unnið svo lengi. Reynist þetta þriggja ára meðaltal sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdóms eða atvinnuleysis, er stjórn sjóðsins heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ára aftur í tímann og sleppa því almanaksári sem lakast er.

Ef rekja má örorkuna til ofnotkunar áfengis, deyfi- eða fíkniefna, skal ekki reikna með stigum vegna ókominis tíma sbr. næstu málsgrein hér á undan.

Örorkulífeyrir er hundraðshluti af grundvallarlaunum síðustu 12 mánaða áður en taka lífeyris hefst og breytist síðan í beinu hlutfalli við breytingar grundvallarlaunanna á hverjum tíma. Hundraðshlutinn nemur samanlögðum stigafjölda samkvæmt 4. mgr. margfölduðum með 1,8 og örorkuprósentunni samkvæmt 2. mgr. Örorkulífeyri skal reikna að nýju þegar nýtt örorkumat gefur tilefni til sbr. 2. mgr.

Aldrei skal örorkulífeyrir vera hærrí en nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar. Til sönnunar um tekjumissinn getur stjórn sjóðsins krafist staðfestra afrita af skattaframtölum sjóðfélagsins, vottorðs frá vinnuveitanda hans og annarra nauðsynlegra sönnunargagna.

Skyllt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Enginn getur fengið örorkulífeyri, ef hann á kost á öðru starfi við hans hæfi hjá félaginu, eins vel launuðu og starf það er hann lét af, en sé það lægra launað, greiðist sami hundraðshluti af örorkulífeyrinum eins og á vantar að síðara starfið sé eins vel launað og hið fyrri.

Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur eða síðar, þegar taka ellilífeyris hefst.

13. gr. (13. gr.) Makalífeyrir (Esj. Olís)

Nú andast sjóðfélagi, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, eða starfandi sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 1. mgr. 12. gr. og á þá eftirlifandi maki hans rétt á makalífeyri úr sjóðnum.

Fullur makalífeyrir er hundraðshluti af grundvallarlaunum síðustu 12 mánaða áður en taka makalífeyris hefst og breytist síðan í beinu hlutfalli við breytingu grundvallarlaunanna á hverjum tíma. Hundraðshlutinn nemur samanlögðum stigafjölda samkvæmt 4. mgr. 12. greinar margfölduðum með 0,9 sbr. þó 4. mgr.

Fullur makalífeyrir greiðist ævilangt sé hinn eftirlátni maki 50 ára eða eldri eða 75% öryrki eða meira. Sé hann öryrki á bilinu 40% til 75% greiðist hluti af fullum lífeyri og er sá hluti að viðbættum 1,75% fyrir hvert stig sem örorkan er metin umfram 40%.

Sé hinn eftirlátni maki yngri en 50 ára við fráfall sjóðfélagsins, fær hann tímabundinn makalífeyri. Fullur makalífeyrir greiðist á fyrsta ári eftir fráfall sjóðfélagsins, 75% á öðru ári, 50% á því þriðja og 25% á fjórða árinu. Síðan fellur makalífeyrinn niður þar til hinn eftirlátni maki kemur á ellilífeyrisaldur. Þá kemur hann aftur í gildi með 70% af fullri upphæð, en sé töku hans frestað hækkar hann um 0,5% fyrir hvern mánuð sem frestað er að taka hann. Þó verður engin hækkun eftir að 75 ára aldri er náð. Hafi hinn eftirlifandi maki áunnið sér ellilífeyrisrétt eftir að hann missti maka sinn skal sleppa við útreikning makalífeyris þeim árum, er iðgjöld hafa verið greidd fyrir þau réttindi. Fyrir hlutastarf reiknast tíminn hlutfallslega. Eigi hinn eftirlátni maki rétt á makalífeyri, þegar hann verður 50 ára skal hann þó halda þeim lífeyri óskertum til ellilífeyrisaldurs.

Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, en kemur aftur í gildi sé hinu síðara hjónabandi slitið. Veiti síðara hjónabandið einnig makalífeyrisrétt, skal þó aðeins reikna makalífeyrisrétt úr þessum sjóði fyrir þau stig, sem sjóðfélaginn hafði áunnið sér þegar hann lést. Sama regla gildir, hafi hjónin verið skilin að borði og sæng þegar sjóðfélaginn lést. Nú andast sjóðfélagi og lætur ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri um lengri eða skemmri tíma til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um árabíl fyrir andlát hans. Ekki mega greiðslur þessar þó nema meiru en sem svarar 90% af því sem makalífeyrir hefur verið.

14. gr. (14. gr.) Barnalífeyrir (Esj. Olís)

Börn og kjörbörn sem sjóðfélagi lætur eftir sig er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu

leyti. Sama gildir um börn og kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum þegar hann andaðist. Þó tekur þetta ekki til kjörbarna, er sjóðfélagi hefur tekið að sér eftir að hann varð 60 ára.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess jafn barnalífeyri Almennatrygginganna, eða ella tvöfalt hærr.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga er hann verður öryrki þó svo að lífeyrir þeirra skal nema jafnmiklum hundraðshluta af lífeyrisupphæð þeirri sem greinir í 2. mgr. þessarar greinar sem örorka sjóðfélagans er metin.

Stjúpbörn eða fósturbörn sem sjóðfélaginn framfærir eða framfærði að öllu að mestu leyti, eiga sama rétt og börn og kjörbörn.

Stofnist réttur til barnalífeyris samtímis hjá þessum sjóði og öðrum lífeyrissjóði eða sjóðum, greiðist aðeins hluti af barnalífeyri samkvæmt framangreindum reglum. Skal það vera sami hundraðshluti eins og iðgjaldsgreiðslutíminn í þessum sjóði er mikill hluti af samanlögðum iðgjaldsgreiðslutíma, er skapar barnalífeyrisréttinn.

15. gr. (15. gr.) Endurgreiðsla iðgjalda (Esj. Olís)

Ekki er heimilt að endurgreiða iðgjöld nema til erlendra ríkisborgara sem flytjast af landi brott. Endurgreiðslufjárhæðin er 5% af grundvallarlaunum á greiðsludegi samkvæmt 2. mgr. 10. greinar margfaldað með stigum viðkomandi manns hjá sjóðnum en án vaxta. Þegar iðgjöld hafa verið endurgreidd fellur niður sá lífeyrisréttur sem grundvalaðist á þeim.

16. gr. (16. gr.) Geymd réttindi (Esj. Olís)

Eftirfarandi reglur gilda um réttindi starfsmanna sem greitt hafa í sjóðinn en hættu störfum hjá Olíuverzlun Íslands hf. af öðrum orsökum en þeim er veita rétt til töku lífeyris og flytja ekki iðgjöldin í annan lífeyrissjóð.

Elli- og örorkulífeyrisréttur miðast við áunnin stig (án framreiknings). Réttur til tímabundins makalífeyris fellur niður, en að öðru leyti fer makalífeyrir eftir áunnum stigum án framreiknings. Réttur til barnalífeyris fellur niður. Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sjóðurinn gerist aðili að almennu samkomulagi á milli lífeyrissjóða um geymd réttindi. Þó mega réttihafar geymdra réttinda ekki fá betri lífeyrisrétt fyrir hvert áunnið stig en aðrir réttihafar í sjóðnum.

Þeir sjóðfélagar, sem greiddu iðgjöld til sjóðsins í apríl 1994, öðlast rétt til lífeyris samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar og eiga geymdan lífeyrisrétt. Hafi slíkur sjóðfélagi ekki áunnið sér 3 stig í lok apríl 1994 skal hann engu að síður öðlast rétt til elli- og örorkulífeyris samkvæmt ákvæðum 11. og 12. greina. Sama gildir um makalífeyri til maka hans.

Nú fellur sjóðfélagi, sem greiddi iðgjöld til sjóðsins í apríl 1994 og er í starfi hjá Olíuverzlun Íslands hf., frá eða verður öryrki og hann eða maki hans öðlast ekki rétt vegna framreiknings í nýjum lífeyrissjóði, sem sjóðfélaginn greiddi iðgjöld til eftir 1. maí 1994, og skal sjóðurinn þá veita rétt til framreiknings eins og sjóðfélaginn hefði greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Sama gildir um barnalífeyri eftir því sem við á.

Fyrirverandi starfsmaður, sem á minni réttindi en nemur 3 stigum í sjóðnum, en réttindin uppfylla ekki skilyrði til flutnings til annars sjóðs samkvæmt samningi sjóðsins við aðra lífeyrissjóði, sbr. 17. gr., öðlast rétt til lífeyris samkvæmt ákvæðum 11. og 12. gr. Við fráfall hans öðlast maki hans rétt til lífeyris samkvæmt ákvæðum 13. gr.

17. gr. (21. gr.) Heimild til hækkunar lífeyris (Esj. Olís)

Reynist útreikningur á stigainneign koma óhagstætt út fyrir einstaka sjóðfélaga í samanburði við aðra t.d. vegna þess að þeir hafi unnið fyrir skertu kaupum vegna veikinda eða annarra orsaka, sem þeir eiga ekki sök á, er stjórninni heimilt að víkja frá ákvæðum 10. gr. til hækkunar á stigaeign eftir því sem við á. Skal við það miðað að lífeyrir þessara sjóðfélaga verði í eðlilegu samræmi við lífeyri sjóðfélaga sem gengt hafa hliðstæðum störfum.

Sama gildir ef meðaltal af grunnlaunum síðustu 12 mánaða áður en taka lífeyris hefst kemur óhagstæðara út fyrir einhverja sjóðfélaga en almennt gerist.

18. gr. (20. gr.) Tilhögun lífeyrisgreiðslna (Esj. Olís)

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á með 1/12 árgreiðslunnar á hverjum mánuði, í fyrsta sinn eftir þann mánuð er réttur til hans stofnast, og síðast fyrir þann mánuð sem réttur til hans fellur úr gildi. Umsókn um lífeyrir skal vera skrifleg.

Lífeyrir skal ekki greiddur lengra aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn barst sjóðnum.

Lífeyrir annan en barnalífeyrir greiðist lífeyrisþeganum eða þeim sem hann hefur veitt skriflegt umboð til að taka við honum. Barnalífeyrir greiðist fjárhaldsmanni barnsins.

Lífeyrisgreiðsla sem ekki er vitjað innan fjögurra ára frá því hún féll í gjalddaga, rennur til sjóðsins.

Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. 1,5 stiga réttinda, og ekki er fyrirsjáanleg sameining við önnur réttindi og er þá stjórn sjóðsins heimilitt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi í samræmi við útreikninga tryggingafræðings.

KAFLI III.

Almennt um réttindi sjóðfélaga

Réttindaákvæði þeirra sjóða sem aðild eiga að hinum sameinaða sjóði haldast óbreytt frá fyrri samþykktum. Þetta þýðir að réttindi sem sjóðfélagi hefur áunnið sér í fyrri sjóð haldast óbreytt í hinum nýja sjóð. Í greinum kafla II til IV er vísað innan sviga í samsvarandi greinar eldri samþykta sjóðanna. Við sameiningu hefur Lífeyrissjóður Flugvirkja verið skertur um 14,2% frá stofnun.

19. gr. (9. gr.) Grundvöllur lífeyrisréttinda (Lsj. Flugvirkja)

Fyrir hvern sjóðfélag sem greiddi iðgjöld til sjóðsins, skal fyrir hvert ár reikna stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi eru reiknuð fyrir hvern almanaxsmánuð grundvallarlaun sjóðsins. Fram til ársloka 1990 eru grundvallarlaun fyrir hvern almanaxsmánuð fast vikukaup eins og gildi á hverjum tíma, miðað við byrjunarlaun sveins í flugvirkjun, í 41/3 viku. Með ákvörðun stjórnar skv. 9. gr. þágildandi reglugerðar voru mánaðarleg grundvallarlaun óbreytt frá janúar 1991 til janúar 1997, kr. 89.230 kr., Mánaðarleg grundvallarlaun voru frá 1. janúar 1997 tengd vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Reiknast grundvallarlaun janúarmánaðar 1997 kr. 89.230., miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar 177,8 stig. Síðan breytast grundvallarlaunin mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákveða annan stigagrundvöll svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir, ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn, reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld, sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarlaunum ársins samkvæmt 2. mgr. Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30, skal þó aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára, sem afgangsverða.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar, er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

20. gr. (10. gr.) Ellilífeyrir (Lsj. Flugvirkja)

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins og er orðinn fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum, eins og þau eru 1. hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,5.

Heimilt er sjóðfélagi að hefja töku ellilífeyris, áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka frá því, sem í 2. mgr. segir, um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem vantar á 67 ára aldur, er taka hans hefst. Beri sjóðfélagi lögum samkvæmt að láta af starfi sínu fyrir 65 ára aldur, er honum heimilt að hefja töku ellilífeyris, er hann lætur af starfi af þessum sökum, þó aldrei fyrr en frá 60 ára aldri. Lækkar þá fjárhæð lífeyris frá því, sem í 2. mgr. segir, um 0,5% fyrir hvern mánuð, sem vantar á 67 ára aldur, er taka hefst, allt að 64 ára aldri, og síðan um 0,4% fyrir hvern mánuð, allt að 60 ára aldri. Heimilt er sjóðstjórn að beita sömu reglu, ef sjóðfélagi missir vinnu sína eftir 60 ára aldur vegna meiri háttar breytinga í rekstri fyrirtækis.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris um 0,5% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað fram yfir 67 ára aldur.

Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta ellilífeyrisréttindum milli sín og maka síns í samræmi við 14. gr. laga nr. 129/1997.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal sjóðurinn senda sjóðfélögum upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri. Sjá 61. gr.

21. gr. (11. gr.) Örorkulífeyrir (Lsj. Flugvirkja)

Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 40% eða meira, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann:

- a) greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú ár af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,4 stig hvert þessara þriggja ára. Heimilt er sjóðstjórn að stytta þennan tíma í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma aftur fyrir orkutapið.
- b) greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
- c) orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri, meðan hann nýtur greiðslna úr sjúkrasjóði, heldur fullum launum fyrir starf það, er hann gegndi eða hefur jafnháar tekjur af öðru starfi, og aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir samkvæmt 23. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og álitni trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal skerðing starfsorku metin á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar hans og störf og árangurs af endurhæfingu.

Þegar skilyrði 2. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 20. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er. Eigi sjóðfélagi jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna, skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó c lið 1. mgr.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömu leiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorkan óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

22. gr. (12. gr.) Makalífeyrir (Lsj. Flugvirkja)

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 42 ára að aldri við fráfall sjóðfélagens, hjónabandið hafi staðið a.m.k. 5 ár og verið stofnað, áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og eftirlifandi maka. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagens, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.

Nú andast sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt 1. mgr. eða 2. mgr. eða greiðsla samkvæmt 2. mgr. stendur skemur en 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélagens. Heimilt er sjóðstjórn að lengja þetta tímabil, ef starfsorka hins eftirlifandi maka er talin skert um a.m.k. 50%.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 1.-3. mgr. til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabíl fyrir andlát hans.

Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum, eins og þau eru 1. hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,765. Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunninna stiga telja með þau stig, sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. mgr. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir, er veittur, allt að 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 2. mgr., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 25. gr.

Sé eftirlifandi maki yngri en 55 ára við fráfall sjóðfélaga skerðist makalífeyrir samkvæmt 1. mgr. um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem eftirlifandi maka vantar á 55 ára aldur. Lífeyrir greiðist jafnan óskertur þann tíma, sem réttur er samkvæmt 2. eða 3. mgr.

Ekkja eða ekill samkvæmt þessari grein telst ekki sá, sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Gangi eftirlifandi maki í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, skal greiða honum í einu lagi fjárhæð, er nemur 30-faldri mánaðargreiðslu makalífeyris, eins og lífeyrinn er við giftingu eða stofnun sambúðar. Þó skal eingreiðslufjárhæðin aldrei vera hærri en sem svarar til lífeyris þann fjölda mánaða, sem lífeyrisréttur hefði gilt ella. Með eingreiðslunni fellur niður frekari réttur til makalífeyris.

23. gr. (13. gr.) Barnalífeyrir (Lsj. Flugvirkja)

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur ógjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagens börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr

öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærrí en barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi, ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum vegna 100% örorku. Við ákvörðun lífeyrisfjárhæðar sjóðsins skal þó ávallt reikna með, að örorka samkvæmt almannatryggingalögum sé einnig 100%. Sé örorka samkvæmt 21. gr. metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri.

Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Nú fellur maki sjóðfélaga frá á undan sjóðfélagi, og skal sjóðurinn þá greiða eftirlifandi börnum barnalífeyri, enda öðlist þau ekki við fráfallið lífeyrisrétt í öðrum lífeyrissjóði. Um lífeyri samkvæmt þessari málsgrein gilda ákvæði þessara greinar eftir því, sem við getur átt. Falli sjóðfélagi frá á eftir maka sínum, fer um barnalífeyri eftir ákvæðum 2. mgr.

24. gr. (14. gr.) Iðgjaldagreiðslur falla niður (Lsj. Flugvirkja)

Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi, meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessari ástæðu, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal, hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt. Sama gildir, ef launagreiðslur hafa fallið niður vegna atvinnuleysis, þó ekki lengur en 12 mánuði samfleytt, enda hafi sjóðfélaginn á því tímabili ekki verið 6 mánuði eða lengur í starfi, er veitti honum aðgang að öðrum lífeyrissjóði.

Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en þeim, sem nefndar eru í 1. mgr., telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd.

Réttur til elli-, örorku- makalífeyris fellur ekki niður, þótt sjófélagi hætti iðgjaldagreiðslu og hverfi úr sjóðnum, en miðast einungis við áunnin stig.

25. gr. (15. gr.) Flutningur réttinda (Lsj. Flugvirkja)

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna, með vöxtum, er stjórnin ákveður. Sama gildir, ef sjóðfélaginn kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkt. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyst til, eða hjá tryggingafélagi eða stofnun svo sem að framan greinir. Það skal enn fremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein, að tilsvarendi takmarkanir gildi um endurgreiðslur eða endurkaup, þar sem réttindi eru leyfð, eins og eftir þessari samþykkt.

Fé, sem yfirfært kann að verða úr öðrum lífeyrissjóði, veitir ekki víðtækari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum, sem það var yfirfært úr. Að öðru leyti setur stjórn sjóðsins um það reglur, að fengnum tillögum tryggingafræðings hans, með hvaða kjörum hún heimilar flutning réttinda úr öðrum sjóði til þessa sjóðs.

26. gr. (17. gr.) Tilhögun lífeyrisgreiðslna (Ellilífeyrir (Lsj. Flugvirkja)

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndast, og í síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun þess mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.

Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda, og fyrirjánalegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

Hafi lífeyrisgreiðslu ekki verið vitjað í 5 ár, getur stjórn sjóðsins úrskurðað, að réttur til hennar falli niður, og rennur þá fjárhæðin til sjóðsins.

KAFLI IV.

Almennt um réttindi sjóðfélaga

Réttindaákvæði þeirra sjóða sem aðild eiga að hinum sameinaða sjóði haldast óbreytt frá fyrri samþykktum. Þetta þýðir að réttindi sem sjóðfélagi hefur áunnið sér í fyrri sjóð haldast óbreytt í hinum nýja sjóð. Í greinum kafla II til IV er vísað innan sviga í samsvarandi greinar eldri samþykta sjóðanna. Við sameiningu hafa réttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóð starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins verið skert um 9,9% frá stofnun sjóðsins.

27. gr. (10. gr.) Grundvöllur lífeyrisréttinda (Lsj. Áburðarv.)

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár umreiknuð í stig mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans. Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvern almanaks mánuð til ársloka 1984 fast vikukaup, miðað við næstlægsta taxa Dagsbrúnar og fulla starfsaldurshækkun í 4 1/3 viku. Frá 1. janúar 1985 voru grundvallarlaun kr. 14.100,- á mánuði miðað við þáverandi kauplag. Árin 1985-1991 ákvað sjóðsstjórn, að fenginni umsögn Kjararannsóknarnefndar, breytingar á grundvallarlaunum þessum í samræmi við breytingar á launum verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Frá 1. janúar 1992 hafa mánaðarleg grundvallarlaun verið tengd lánskjaravísitölu þeirri, sem Seðlabanki Íslands auglýsir með heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum. Reiknast grundvallarlaun janúarmánaðar 1992 kr. 45.602,- miðað við lánskjaravísitölu 3.196 stig, og breytist síðan mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á lánskjaravístölunni. Frá janúar 1999 skulu grundvallarlaun breytast í hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs.

28. gr. (11. gr.) Ellilífeyrir (Lsj. Áburðarv.)

Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum, eins og þau eru 1. hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,5.

Heimilt er sjóðfélagi að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka frá því sem í 2. mgr. segir um 0.6% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem vantar á 67 ára aldur, er taka hans hefst.

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunninn voru fram til loka þess almanaksárs er sjóðfélagi náði 67 ára aldri, um 0.6% fyrir hvern mánuð, sem töku lífeyris er frestað fram yfir þau tímamörk. Hafi sjóðfélagi áunnið sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, eftir að hann hefur náð 75 ára aldri.

29. gr. (12. gr.) Örorkulífeyrir (Lsj. Áburðarv.)

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi, er tryggingayfirlæknir metur 40% eða meira. Örorkumat þetta skal fyrstu þrjú árin eftir orkutapið aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum fyrir starf það, er hann gegndi eða fær jafnhá laun fyrir annað starf, og aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir samkvæmt 3. mgr. 30 gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 27. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksári fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórn þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyfi- eða fíknilyfja, skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta er hundraðshluti örorku segir til um stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en sjóðfélagi hefði náð fyrir fullt starf.

30. gr. (13. gr.) Makalífeyrir (Lsj. Áburðarv.)

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda sé hann fæddur fyrir árið 1955, hafi verið orðinn 40 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans og hjónabandið hafi staðið a.m.k. 5 ár og verið stofnað, áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

Andist sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt þeirri málsgrein eða einungis skertan makalífeyri, sbr. 5. mgr., og skal óskertur makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans. Láti sjóðfélagi eftir sig barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal óskertur makalífeyrir veittur til 18 ára aldurs barnsins án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðing átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða annar ógiftur einstaklingur hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni eða sambúðarkonum lífeyri. Þá er sjóðstjórn heimilt að greiða makalífeyri að hluta eða að fullu að þeim tíma loknum, sem tiltekinn er í 2. mgr., ef tryggingayfirlæknir telur hinn eftirlifandi maka vanta 50% eða meira á fulla starfsorku.

Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum, eins og þau eru 1. hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður. Auk áunninna stiga, skal telja með þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknað í samræmi við ákvæði 2. mgr. 28. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau, sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur í samræmi við ákvæði 6. mgr. 28. gr., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til

grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, ef hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Fjárhæð samkvæmt 4. mgr. skerðist um 4% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem makalífeyrisþeginn er fæddur eftir árslok 1930.

Maki samkvæmt þessari grein telst ekki sá, sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makalífeyrisþeginn gengur í hjónaband eða tekur upp óvígða sambúð, en gengur aftur í gildi, ef hjúskapnum eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

31. gr. (14. gr.) Barnalífeyrir (Lsj. Áburðarv.)

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagsins börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og fullur lífeyrir úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er hinn samanlagði lífeyrir tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal fullur lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi, ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins. Fullur barnalífeyrir greiðist, ef árleg stig, áætluð í samræmi við 4. málsg. 30. gr., eru a.m.k. 0.5%. Séu áætluð stig færri, lækkar barnalífeyrir úr sjóðnum hlutfallslega og fellur niður, ef árlegur stigafjöldi er minna en 0.1.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum vegna 100% örorku. Við ákvörðun lífeyrisfjárhæðar sjóðsins skal þó ávallt reikna með, að örorka samkvæmt almannatryggingalögum sé einnig 100%. Sé örorka samkvæmt 28. gr. metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri.

Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

32. gr. (15. gr.) Iðgjaldagreiðslur falla niður (Lsj. Áburðarv.)

Sjóðfélagar áunnu sér ekki réttindi á meðan launagreiðsla til þeirra féll niður vegna veikinda. Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessari ástæðu reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum skulu áunnin stig geymd. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður, þótt sjóðfélaginn hverfi úr sjóðnum, en miðast einungis við áunnin geymd stig.

33. gr. (16. gr.) Flutningur réttinda (Lsj. Áburðarv.)

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, sem hann flyst til, og aldrei má endurgreiða hærri upphæð en þarf til að kaupa réttindi í þeim sjóði, er svari til þess starfstíma, sem sjóðfélaginn átti að baki.

34. gr. (18. gr.) Tilhögun lífeyrisgreiðslna (Lsj. Áburðarv.)

Lífeyrir greiðist mánaðarlega frá næstu mánaðarmótum eftir að réttur til lífeyris er fenginn, til loka þess mánaðar er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.

Sé lífeyris ekki vitjað í fimm ár getur stjórn sjóðsins úrskurðað, að réttur til greiðslu falli niður og rennur þá upphæðin aftur til sjóðsins.

35. gr. (19. gr.) Sérstakur eftirlaunaréttur (Lsj. Áburðarv.)

Sjóðfélaga eða maka hans, sem nýtur eftirlauna samkvæmt I. kafla laga nr. 2/1985 um eftirlaun aldraðra, skal frá 1. janúar 1990, er greiðslur samkvæmt lögum falla niður, tryggður áfram sami réttur með greiðslum úr þessum sjóði.

36. gr. (23. gr.) Réttindi samkvæmt eldri reglugerð (Lsj. Áburðarv.)

Þeir, sem nutu lífeyris úr A-deild sjóðsins í september 1987 og ekki eiga rétt samkvæmt lögum nr. 2/1985, skulu í október 1987 fá lífeyri greiddan samkvæmt ákvæðum eldri reglugerðar. Síðan skal lífeyrir sá, er hér um ræðir, breytast í hlutfalli við breytingar á lífeyrisfjárhæðum samkvæmt þessum samþykktum. Um greiðslur til þeirra, sem innistæðu áttu í B-deild sjóðsins 30. september 1987, fer eftir ákvæðum eldri reglugerðar.

Lífeyrir vegna tíma fyrir 30. september 1987 skal greiddur í samræmi við ákvæði eldri reglugerðar, sbr. enn fremur lög nr. 2/1985 um eftirlaun til aldraðra.

Eldri reglugerðir sjóðsins skulu varðveittar hjá umsjónaraðila hans og sjóðfélagar eiga að þeim aðgang.

KAFLI V.

Almennt um réttindi sjóðfélaga

Réttindaákvæði þeirra sjóða sem aðild eiga að hinum sameinaða sjóði haldast óbreytt frá fyrri samþykktum. Þetta þýðir að réttindi sem sjóðfélagi hefur áunnið sér í fyrri sjóð haldast óbreytt í hinum nýja sjóð. Í greinum kafla II til IV er vísað innan sviga í samsvarandi greinar eldri samþykta sjóðanna. Við sameiningu hafa réttindi í Lífeyrissjóð Hf. Eimskipafélags Íslands verið aukin um 38,3% frá stofnun sjóðsins.

37. gr. (9. gr.) Tekjur (Lsj. Eimskips)

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Hf. Eimskipafélag Íslands hefur lagt fram stofnfé sjóðsins og ábyrgist hann. Miðaðist upphæð stofnfjár við áunnin réttindi sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði Hf. Eimskipafélags Íslands, sem fluttust í lífeyrissjóðinn.
- b) Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.

38. gr. (12. gr.) Grundvöllur lífeyrisréttinda (Lsj. Eimskips)

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár eru umreiknuð í stig, sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Grundvallarlaun, sem lögð hefa verið til grundvallar stigaútreikningi, eru kr. 48.299 í janúar 1995, miðað við lánskjaravísitölu 3385 stig. Grundvallarlaunin breytast síðan mánaðarlega í hlutfalli við breytingar á lánskjaravísitölunni, og frá 1. apríl 1995 í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysliverðs. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn, reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld, sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarlaunum ársins samkvæmt 2. mgr. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- eða örorkulífeyri er að ræða, skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig annarra ára. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

39. gr. (13. gr.) Lífeyrisréttindi (Lsj. Eimskips)

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

40. gr. (14. gr.) Ellilífeyrir (Lsj. Eimskips)

Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri og hefur látið af stöðu sinni, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum, enda ber honum bæði réttur og skylda til að láta af stöðu sinni í lok þess mánaðar, er þeim aldri er náð. Aldursmörkum má þó með samþykki Hf. Eimskipafélags Íslands fresta um eitt ár í senn.

Upphæð ellilífeyris, sem greiddur er frá 67 ára aldri, er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,75.

Heimilt er sjóðfélaga, sem látið hefur af stöðu sinni, að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri. Þá skal sjóðfélagi, sem er yfirmaður á skipi, heimilt að taka ellilífeyri frá 60 ára aldri, enda láti hann þá af stöðu sinni og hafi stundað sjómennsku a.m.k. 20 ár og áunnið sér a.m.k. 30 stig hjá sjóðnum vegna slíkra starfa. Sé lífeyrir tekinn samkvæmt þessari málsgrein, skal upphæð ellilífeyris lækka frá því sem í 2. mgr. segir, um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 67 ára aldur, er taka hans hefst.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,6% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 70 ára aldri.

Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið að ellilífeyrisgreiðslur, sem renna eiga til hans, skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Skal lífeyrissjóðurinn þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagans, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki, sem nýtur slíkra greiðslna, hins vegar á undan sjóðfélaganum, skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagans.

Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi í síðasta lagi 7 árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum hans, ákveðið að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka, og skerðast þá ellilífeyrisréttindi sjóðfélagans sem því nemur. Ellilífeyrir makans skal ákvarðast af mati tryggingafræðings, miðuðu við að heildarskuldbinding sjóðsins aukist ekki við þessa ákvörðun sjóðfélagans.

Maki samkvæmt 6. og 7. mgr. telst sá eða sú, sem er í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, sbr. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 129/1997, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið. Skal samkomulag sjóðfélaga og maka hans eftir því, sem við á, fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna ellilífeyrisréttinda, meðan hjúskapur, staðfest samvist eða óvígð sambúð hefur staðið eða stendur.

41. gr. (15. gr.) Örorkulífeyrir (Lsj. Eimskips)

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi, er trúnaðarlæknir sjóðsins metur 35% eða meira. Örorkumat þetta skal fyrstu þrjú árin eftir orkutapið aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum launum fyrir starf það er hann gegndi eða fær jafnhá laun fyrir annað starf, og aldrei skal samanlagður örorku- og barnalífeyrir, sbr. 43. gr., vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 40. gr., að viðbættum lífeyri er svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga hans næstu 5 almanaksárin fyrir orkutapið, þó ekki fleiri ár en hann hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Telji sjóðstjórn þetta 5 ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyfi- eða fíkniefna, skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita, frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er öroka óx, ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði eins og almennt tíðkast í stétt eða starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

42. gr. (16. gr.) Makalífeyrir (Lsj. Eimskips)

Nú andast sjóðfélagi, sem naut Elli- og örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans í a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á hann þá rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans og hjónabandið hafi staðið a.m.k. 5 ár.

Nú andast sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma, en eftirlifandi maki á þó ekki lífeyrisrétt samkvæmt þeirri málsgrein, og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélaga. Hafi eftirlifandi maki á framfæri börn hins látna innan 18 ára aldurs, eitt eða fleiri, eða kjörbörn er þau hafa ættleitt, skal þó aldrei greiða makalífeyri skemur en til 18 ára aldurs yngsta barnsins. Þá er sjóðstjórn heimilt að halda greiðslu makalífeyris áfram að 24 mánaða tímabilinu loknu, ef trúnaðarlæknir sjóðsins telur eftirlifandi maka vanta 50% eða meira á fulla starfsorku eða hinn látne telst hafa verið aðalfyrirvinna heimilisins.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða sambýliskona hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl, þó ekki skemur en 5 ár fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða makalífeyri svo sem um ekkju væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambýlismanni lífeyri í samræmi við ákvæði 2. mgr.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma. Nemur hundraðshlutinn samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,9. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig, sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 41. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, í samræmi við ákvæði 6. mgr. 41. gr., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Maki samkvæmt þessari grein telst ekki sá, sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

43. gr. (17. gr.) Barnalífeyrir (Lsj. Eimskips)

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi, er ekki telst hafa verið hættur iðgjaldagreiðslum, sbr. 2. mgr. 44. gr., lætur eftir sig þegar hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá lífeyri úr sjóðnum þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn og kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þegar hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærrí en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri og orkutap hans er metið.

Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

44. gr. (18. gr.) Iðgjaldagreiðslur falla niður (Lsj. Eimskips)

Falli niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda, ávinnur hann sér ekki réttindi, meðan svo stendur. Sama gildir ef sjóðfélagi er launalaus vegna atvinnuleysis og nýtur ekki atvinnuleysisbóta. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma er uppfyllt.

Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en þeirri, sem nefnd er í 1. mgr., telst sjóðfélagi hættur iðgjaldagreiðslum til sjóðsins. Skulu þá áunnin stig geymd. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur þá ekki niður, en miðast eingöngu við áunnin stig. Þó skal réttur til töku ellilífeyris fyrir 67 ára aldur, sbr. 3. mgr. 40. gr., bundinn því skilyrði að hlutaðeigandi hafi náð 65 ára aldri.

45. gr. (19. gr.) Endurgreiðsla iðgjalda (Lsj. Eimskips)

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna, með vöxtum er sjóðstjórn ákveður.

Sama gildir, ef sjóðfélagi kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyst til eða hjá tryggingafélagi eða stofnun, svo sem að framan greinir. Það skal ennfremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari grein, að

tilsvarendi takmarkanir gildi um endurgreiðslur eða endurkaup, þar sem réttindi eru keypt, eins og eftir þessum samþykktum.

46. gr. (20. gr.) Sérákvæði vegna eldri reglna (Lsj. Eimskips)

Sjóðfélagar, sem voru 55 ára eða eldri þann 31. desember 1983 og voru þá í starfi hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands, gátu valið þann kost, að um iðgjaldagreiðslur þeirra og lífeyrisréttindi færi eftir ákvæðum reglugerðar þeirrar, er staðfest var af fjármálaráðuneytinu þann 5. febrúar 1976, enda skyldu þeir tilkynna stjórn sjóðsins skriflega þá ósk sína fyrir 30. júní 1984.

Iðgjöld þeirra sjóðfélaga, sem greiddu til sjóðsins í desember 1983, eru umreiknuð í stig í samræmi við ákvæði 38. gr. miðað við grundvallarlaun eins og þau voru á þeim tíma er iðgjöldin féllu til, nema réttindi fari eftir þeim ákvæðum, sem nefnd eru í 1. og 4. mgr. Réttindi, sem flutt hafa verið til sjóðsins frá Eftirlaunasjóði Hf. Eimskipafélags Íslands skulu umreiknuð í stig í samræmi við laun þau, sem lögð voru til grundvallar við réttindaflutninginn.

Réttindi þeirra, sem hætt hafa greiðslu iðgjalda til sjóðsins fyrir 31. desember 1983, en hafa látið þau standa inni í sjóðnum, skulu reiknuð í samræmi við ákvæði 2. mgr. Gilda ákvæði 44. gr. um þessi réttindi.

Lífeyri þeirra, sem rétt áttu á lífeyri úr sjóðnum í desembermánuði 1983 eftir þágildandi reglum, skal á árinu 1995 og 1. janúar 1996 hækka í hlutfalli við breytingar á föstum launum samkvæmt kjarasamningum gerðum á árinu 1995. Eftir 1. janúar 1996 skulu lífeyrisfjárhæðir breytast mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs með sama hætti og lífeyrir annarra lífeyrisþega. Sama gildir um lífeyri þeirra sjóðfélaga, sem nefndir eru í 1. mgr, svo og um lífeyri eftirlátinna maka þeirra sjóðfélaga, sem hér eiga hlut að máli.

47. gr. (27. gr.) Greiðsla lífeyris (Lsj. Eimskips)

Lífeyrir greiðist mánaðarlega, í fyrsta sinn mánuði eftir að síðustu mánaðarlaun eru útborguð, og í síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum.

Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, sem svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

48. gr. (31. gr.) Gildistaka (Lsj. Eimskips)

Heimilt er sjóðstjórn að greiða lífeyri í samræmi við ákvæði 3. mgr. 38. gr. frá 1. janúar 1999.

KAFLI VI.

Almennt um réttindi sjóðfélaga

Réttindaákvæði þeirra sjóða sem aðild eiga að hinum sameinaða sjóði haldast óbreytt frá fyrri samþykktum. Þetta þýðir að réttindi sem sjóðfélagi hefur áunnið sér í fyrri sjóð haldast óbreytt í hinum nýja sjóð. Í greinum kafla II til IV er vísað innan sviga í samsvarandi greinar eldri samþykktu sjóðanna. Við sameiningu hafa réttindi Lífeyrissjóðs Mjólkursamsölu verið aukin um 5,9%.

49. gr. (9. gr.) Grundvöllur lífeyrisréttinda (Lsj. MS)

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvern almanaksmánuð svonefnda grundvallarfjárhæð, er nam kr. 49.084 í janúar 1996 og breytist mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákveða annan stigagrundvöll svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir, ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn, reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld, sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, þ.e. starfsmaður greiddi 4% og launagreiðandi 10%, með grundvallarfjárhæð ársins samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- eða örorkulífeyri er að ræða, skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig annarra ára. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru. Viðbótariðgjald sem nam 1% af gjaldstofni og 1,5% frá launagreiðanda reiknast ekki til stiga.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar, er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

50. gr. (10. gr.) Ellilífeyrir (Lsj. MS)

Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri og hefur látið af stöðu sinni hjá fyrirtækjum þeim, sem tryggja starfsfólk sitt hjá sjóðnum, á rétt á ellilífeyri úr honum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,4.

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,6% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 70 ára aldri.

Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið skipan mála skv. 1. og 2. tölulið þessarar málsgreinar í samræmi við 14. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Samkomulag þetta skal eftir því sem við á ná til ellilífeyrisgreiðslna, verðmæti ellilífeyrisréttinda beggja aðilanna og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur:

1. Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Lífeyrissjóðurinn skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagsins, en þær falla niður við andlát

hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagsins.

2. Í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist og ef sjúkómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og skerðast þá réttindi sjóðfélagsins sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagsins.

51. gr. (11. gr.) Örorkulífeyrir (Lsj. MS)

Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira samkvæmt 2. mgr., og áunnið hefur sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi. Réttur til örorkulífeyris stofnast þó ekki, ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins, og aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir samkvæmt 53. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og álit trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal matið aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagsins til að gegna almennum störfum. Heimilt er að fengnu álit trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans.

Þegar skilyrði 1. mgr. svo og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunnin lífeyrisrétt samkvæmt 50. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknast samkvæmt 4. mgr.:

- a. Sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára.
- b. Sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
- c. Orkutapið verði ekki rakið til ofnotkunar áfengis lyfja eða fíkniefna.

Eigi sjóðfélagi jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hefur til orkutapsins. Séu sérstakar ástæður svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau, sem nefnd eru í a-lið, er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma aftur fyrir orkutap.

Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 67 ára aldri, er hann verður fyrir orkutapi, rétt samkvæmt 3. mgr. á framreikningi stiga, skal sá framreikningur vera sem hér segir:

- a. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.
- b. Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins, og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna meðaltal stiga hans öll almanaksár, sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal miða framreikning við þetta meðaltal.

- c. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri, og sennilegt má telja, að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir, ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.
- d. Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við samkvæmt liðunum a. eða b., meira en tveimur stigum, skal reikna með meðaltalinu í allt að 10 árum, en síðan skal til 67 ára aldurs reiknað með tveimur stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga, sem umfram eru.

Ef rekja má sjúkdóma þá, sem valda orkutapi sjóðfélaga, svo langt aftur í tímann, að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs, er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, fram til þess tíma, er orkutap telst hafa átt sér stað, skal fjöldi framreiknaðra stiga aldrei reiknast meiri en sem nemur fjölda þeirra stiga, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir, ef orkutap samkvæmt 2. mgr. varir skemur en 6 mánuði.

Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorkan óx, ekki verið í starfi, er veitti honum réttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði meiri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

52. gr. (12. gr.) Makalífeyrir (Lsj. MS)

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.

Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.

Sé maki a.m.k. 50% öryrki, skal greiddur makalífeyrir, meðan sú örorka varir, þó aldrei lengur en til 70 ára aldurs.

Stofnist réttur til makalífeyris samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar eða 2. mgr. 55. gr., skal fullur makalífeyrir alltaf greiddur að lágmarki í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 1.-4. mgr. til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabíl fyrir andlát hans.

Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,7. Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma er uppfyllt, skal auk áunninna stiga telja þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 4. mgr. 51. gr. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, allt að 67 ára aldri, í samræmi við 9. mgr. 51. gr., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttar hjá þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 2. mgr. 55. gr.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátíð var í hjúskap með sjóðfélagi, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagsins. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru í samvistum, eiga barn sama eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, nema kveðið sé á um annað í samþykktum.

53. gr. (13. gr.) Barnalífeyrir (Lsj. MS)

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyris úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagsins börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 7.500 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 2. mgr. 49. gr. Fullur barnalífeyrir greiðist, ef árleg stig, áætluð í samræmi við 6. mgr. 52. gr., eru a.m.k. eitt stig. Séu áætluð árleg stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður, ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.

Sé sjóðfélagi úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn, sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta samkvæmt 2. mgr. með þeirri undantekningu, að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er 5.500 kr. með hverju barni. Sé örorka samkvæmt 51. gr. metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður, þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

Fósturbörn og stjúp börn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

54. gr. (14. gr.) Eingreiðsla dánarbóta (Lsj. MS)

Erfingjar látins sjóðfélaga, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 5 ár eða lengur, eiga rétt á dánarbótum úr sjóðnum, greiddum í einu lagi. Dánarbætur þessar skulu nema 30% af mánaðarlegri grundvallarfjárhæð, sbr. 49. gr., eins og hún er í þeim mánuði, er fráfallið á sér stað.

55. gr. (15. gr.) Iðgjaldagreiðslur falla niður (Lsj. MS)

Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi, meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessari ástæðu, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal, hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma er uppfyllt.

Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður, þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu og hverfi úr sjóðnum, en miðast einungis við áunnin geymd stig, sbr. þó 1. mgr.

56. gr. (16. gr.) Flutningur réttinda (Lsj. MS)

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, sem hann flyst til, og aldrei má endurgreiða hærri upphæð en þarf til að kaupa réttindi í þeim sjóði, er svari til þess starfstíma, sem sjóðfélaginn átti að baki.

57. gr. (18. gr.) Tilhögun lífeyrisgreiðslna (Lsj. MS)

Lífeyrir greiðist mánaðarlega, í fyrsta sinn mánuði eftir að síðustu mánaðarlaun eru útborguð eða í þeim mánuði, er taka lífeyris hefst, og í síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.

Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, sem svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

58. gr. (21. gr.) Réttindi samkvæmt eldri reglugerð (Lsj. MS)

Lífeyrir þeirra sjóðfélaga sem nutu lífeyris í árslok 1997 eða fá síðar úrskurðaðan lífeyri sem réttur hefur stofnast til fyrir þann tíma, skal breytast mánaðarlega frá þeirri fjárhæð sem greidd var í desember 1997 í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar frá því sem hún var í janúar 1998.

Stig sjóðfélaga annarra en þeirra er nefndir eru í 1. mgr., áunnin til ársloka 1997 skulu færð niður um 10% frá því sem þau hafa verið skráð hvert almanaksár. Réttindi reiknast síðan í samræmi við bótaákvæði samþykka þessara.

KAFLI VII.

59. gr. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.

Heimilt er sjóðsstjórninni að semja við aðra lífeyrissjóði um gagnkvæman flutning lífeyrisréttinda á milli sjóða, eða að gerast aðili að samkomulagi á milli fleiri sjóða um slíkan flutning. Heimilt er að flytja einnig þann hluta lífeyrisréttinda er svarar til iðgjaldshluta launagreiðanda. Þó má aldrei flytja meiri réttindi en svarar til þeirra iðgjalda, er greiða hefði átt af launum sjóðfélagans eftir reglum sjóðsins sem flutt er til. Um vexti og verðtryggingu fer eftir ákvæðum í samkomulagi sjóðanna. Þó mega vextir og verðbætur samanlagt ekki vera hærri en raunávöxtun þessa sjóðs hefur verið.

60. gr. Upplýsingaskylda

Sjóðfélögum er skylt að sækja um lífeyri úr sjóðnum og láta sjóðsstjórninni í té allar nauðsynlegar upplýsingar til að dæma um rétt þeirra til lífeyris. Einnig er þeim skylt að gefa upplýsingar sem nauðsynlegar eru við tryggingafræðilega athugun á sjóðnum svo sem um aldur sinn, hjúskaparstétt og aldur maka og barna.

61. gr. Upplýsingar til sjóðfélaga

Senda skal sjóðfélögum ekki sjaldnar en árlega upplýsingar um lífeyrisrétt þeirra, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum hans. Semja má við viðurkennt fjármálafyrirtæki, sem tekur að sér umsjón sjóðsins, um að sjá um slíka upplýsingagjöf, enda verði þess gætt að skilyrðum 18. gr. l. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, verði fullnægt.

62. gr. Bann við veðsetningu og framsali

Allar lífeyriskröfur eru bundnar við nafn, hvort sem þær eru fallnar til útborgunar eða ekki, óheimilt er að veðsetja eða framselja þær á nokkurn hátt.

63. gr. Varúðarákvæði

Sameinaður sjóður mun halda sérstaklega utan um þá sjóðfélaga og eignir þeirra sem færðust yfir í nýjan sjóð til að tryggja yfirsýn yfir sögu sjóðsins.

64. gr. Gerðardómur

Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli er hann hefur skotið til hennar getur hann vísað því til gerðardóms sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af viðkomandi sjóðfélagi, einum tilnefndum af sjóðnum og oddamanni tilnefndum af Fjármálaeftirlitinu. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 hluta málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

65. gr. Breytingar á samþykktum

Tillögur til breytinga á samþykktum skulu hafa borist með sannanlegum hætti til stjórnar sjóðsins einum mánuði fyrir ársfund eða sjóðfélagafund. Breytingar á samþykktum þessum skal bera upp á ársfundi eða löglega boðuðum sjóðfélagafundi og öðlast þær gildi ef 2/3 hluti fundarmanna samþykkja þær. Breytingartillögur stjórnar skal kynna í aðalatriðum í fundarboði útsent með 14 daga fyrirvara.

Breytingartillögur á þriðju grein eru háðar annað hvort samþykki 90% greiddra atkvæða á löglega boðuðum ársfundi/sjóðfélagafundi eða samruna við aðra lífeyrissjóði, gildir þetta ákvæði til ársins 2010.

66. gr. Gildistaka

Samþykktir þessar öðlast gildi að fenginni staðfestingu fjármálaráðuneytis og koma í stað fyrri reglugerða sameinaðra sjóða.

[Ákvæði til bráðabirgða um réttindaskerðingu

Lífeyrisgreiðslur allra sjóðfélaga skulu skerðast um 19% þann 1. júlí 2009 og eftirleiðis frá því sem áður gildi. Lækkun lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæði þessu kemur því fram við lífeyrisgreiðslur vegna júlímánaðar 2009 og eftirleiðis. Ákvæði þetta skal gilda þar til annað er ákveðið.]¹

[Ákvæði til bráðabirgða um réttindaskerðingu

Lífeyrisgreiðslur allra sjóðfélaga skulu skerðast um 19% þann 1. júní 2010 og eftirleiðis frá því sem áður gildi. Lækkun lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæði þessu kemur því fram við lífeyrisgreiðslur vegna júnímánaðar 2010 og eftirleiðis. Ákvæði þetta skal gilda þar til annað er ákveðið.]²

¹ Breyting gerð þann 22. júní 2009 á grundvelli 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997, sbr. 2. mgr. 29. gr. sömu laga. Nýjar samþykktir voru sendar fjármálaráðherra til staðfestingar sama dag, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997.

² Breyting var samþykkt á ársfundi sjóðsins 25. maí 2010 á grundvelli 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997, sbr. 2. mgr. 29. gr. sömu laga.

Reykjavík, 2. júní 2010

Stjórn Kjarar lífeyrissjóðs

Halkjörgjör Lutbreusdóttir

Raffdís Þorinn

Áhjár Klíman

Georg R. Þorsson



Guðrún

Staðfestar samþykktir

Dags. 16.6.2010

F.h.r. Þorsteinn Magnússon
Þróunumáttur 1. Árnason